

Nítjándi fundur nefndar. Haldinn í Austurstræti 8 (nefndarsviði Alþingis), dags. 08.10.2019.  
Fundur hófst kl. 11:30.

**Fundinn sátu:** Óli Halldórsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Dagbjört Jónsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Steingrímur J. Sigfússon, Inga Sæland, Margrét Hallgrímsdóttir (í síma).

**Forföll:** Bergþór Ólason, Guðmundur Andri Thorsson, Halldóra Mogensen.

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

### Þetta gerðist:

## 1. Textadrög nefndar í samráðsgátt

### a) Áherslur nefndar varðandi frumvarp um hálendisþjóðgarð

Nefndin fór yfir texta varðandi áherslur hennar í frumvarp. Formaður sagði frá því að stefnt yrði að því skjalið yrði sett í tvær vikur í samráðsgátt frá og með 11. október. Nokkrar tillögur að textabreytingum komu fram á fundinum sem og tillögur að viðbótum við áherslur nefndar. Eftirfarandi atriði sem eftir var að afgreiða af hálfu nefndar við lok síðasta fundar voru afgreidd á fundinum:

- **Rekstrarsvæði**

Nefnd ræddi um rekstrarsvæði í hálendisþjóðgarði, fjölda þeirra og hvernig bæri að skipta þeim á milli landshluta. Fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni hafði fyrir fundinn verið falið að vinna að tillögu að skiptingu og fjölda þeirra. Fulltrúarnir kynntu tillögu að fjölda rekstrarsvæða sem og skiptingu þeirra á fundinum sem þau höfðu áður unnið að ásamt lögfræðingi sambandsins. Tillagan gerir ráð fyrir 6 rekstrarsvæðum þjóðgarðsins; vestur-norðvestur-norðaustur-austur-suðvestur-suðaustur.

*Ákvörðun nefndar : Tillagan um skiptingu og fjölda rekstrarsvæða samþykkt og verkefnisstjóra falið að klára texta um tillögu nefndar inn í vinnuskjal og setja það á vinnusvæði nefndar til yfirlustrar. Í framhaldi færi tillagan sem hluti af áherslum nefndar í samráðsgátt föstudaginn 11. október.*

- **Stjórnarsamsetning** (fjöldi fulltrúa m.t.t. fjölda rekstrarsvæða)

Í ljósi niðurstöðu varðandi rekstrarsvæðin fór nefndin yfir stjórnarsamsetningu með tilliti til fjölda rekstrarsvæða. Með vísan í áður kynnta tillögu að samsetningu stjórnar verður stjórn 11 manna, með 6 fulltrúum sveitarfélaga (formönnum svæðisráða) og 5 frá öðrum tilnefningaraðilum líkt og fyrirbyggjandi tillögur gera ráð fyrir.

*Ákvörðun nefndar : Tillaga um stjórnarsamsetningu samþykkt og verkefnisstjóra falið að klára texta um tillögu nefndar inn í vinnuskjal og setja það á vinnusvæði nefndar til yfirlustrar. Í framhaldi færi tillagan sem hluti af áherslum nefndar í samráðsgátt föstudaginn 11. október.*

- **Orkunýting**

Nefndin ræddi orkunýtingu á miðhálandinu m.t.t. til þjóðgarðs og annarra áætlana Alþingis. Fram komu sjónarmið um að nauðsynlegt væri að í áherslum nefndarinnar verði vísað til gildandi áætlana Alþingis um orkunýtingu og orkumannvirki á hálandinu, m.a. í ljósi þess að 3. áfangi rammaáætlunar og orkustefna hefðu ekki fengið staðfestingu á Alþingi.

*Ákvörðun nefndar : Áherslur nefndar varðandi orkunýtingu samþykktar með framangreindum breytingum og formanni og verkefnastjóra falið að útfæra orðalag m.t.t. þessa. Punktar um áherslur nefndar um orkunýtingu koma fram í vinnuskjali og sem settir verða á vinnusvæði nefndar til yfirlustrar. Fara sem hluti af áherslum nefndar í samráðsgátt föstudaginn 11. október.*

- **Þjónustumiðstöðvar**

Nefndin ræddi um þjónustumiðstöðvar í hálandisþjóðgarði út frá fyrirbyggjandi áherslupunktum sem lágu fyrir fundinum. Lögð var áhersla á að þjónustumiðstöðvar geti verið byggðar upp og/eða reknar með ólíkum hætti og í samstarfi við hina ýmsu aðila. Nefndin telur eðlilegt að svæðisráð þjóðgarðsins muni sjálf móta stefnu um uppbyggingu þjónustu á hverju rekstrarsvæði, m.a. staðsetningu og útfærslu. Ennfremur að nauðsynlegt væri að tafir verði ekki á uppbyggingu þjónustu við stofnun þjóðgarðsins.

*Ákvörðun nefndar : Áherslur nefndar varðandi þjónustumiðstöðvar samþykktar með fyrrgreindum breytingum. Punktar um þær koma fram í vinnuskjali sem settir verða á vinnusvæði nefndar til yfirlustrar. Fara sem hluti af áherslum nefndar í samráðsgátt föstudaginn 11. október.*

## **b) Fjármögnun**

Nefndin fór yfir texta varðandi fjármögnun hálandisþjóðgarðs. Formaður benti á að textinn væri nokkuð almennur, þar væri m.a. vísað í og fjallað um það fjármagn sem fer nú til friðlýsingarmála á miðhálandinu og svo væru almennar ályktanir nefndar í lok texta í samræmi við fyrri umfjöllun nefndar og þær athugasemdir sem fram hafa komið á samráðsfundum. Þá benti formaður nefndarfólki á að í fyrirbyggjandi gögnum hefði nefndarfólk fengið rauntölur og áætlanir úr rekstri friðlýstra svæða á hálandinu. Þessar tölur geti nefndarfólk nýtt til að móta sýn á fjármögnun og rekstur þjóðgarðsins. Á fundinum komu fram athugasemdir um viðbætur við textann.

*Ákvörðun nefndar: Verkefnisstjóra falið að klára fjármögnunartexta með tilliti til athugasemda og setja það í vinnuskjal á vinnusvæði nefndar til yfirlustrar. Í framhaldi færi skjalið í samráðsgátt föstudaginn 11. október.*

## **2. Drög að lagafrumvarpi**

Nefndin fór yfir nýjustu drög að sérlögum um hálandisþjóðgarð, sem unnin hafa verið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í samvinnu við nefnd og með áherslur nefndar

að leiðarljósi. Nokkrar tillögur að textabreytingum og viðbótum komu fram í umræðunum.

*Ákvörðun: Verkefnisstjóra var falið að koma athugasemdum nefndar til skoðunar hjá ráðuneytinu.*

Í lok yfirferðar nefndar var farið yfir vinnuferli við lagafrumvarp, þ.e. að umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun uppfæra frumvarpstexta með tilliti til athugasemda nefndarinnar og setja frumvarpið svo í svokallað innra samráð á næstu dögum. Í því felst að kynna áform um lagasetningu og frummat framkvæmt á áhrifum innan stjórnarráðsins. Ytra samráð, þ.e. samráð við aðila utan Stjórnarráðsins, helstu hagsmunaaðila og allan almenning mun svo eiga sér stað þegar nefndin hefur skilað af sér lokaskýrslu um hálendisþjóðgarð til umhverfis- og auðlindaráðherra. Nefnd mun skila þeirri skýrslu í nóvember næstkomandi.

### **3. Dagsetning og tímasetning næsta fundar**

Ákveðið var að næsti fundur yrði 22. október 2019 á sama stað og sama tíma.

**Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 13:15**